

Nd.

### 113. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

#### 1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að setja á stofn skrifstofu til leiðbeiningar erlendum og innlendum ferðamönnum, og nefnist hún Ferðamannaskrifstofa ríkisins.

#### 2. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið, innanlands og utan, með það sérstaklega fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á því.

#### 3. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um.

#### 4. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af ferðamannaskrifstofum einstakra manna eða félaga, gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningabifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskrána ósanngjarn, og hefir þá Ferðamannaskrifstofa ríkisins heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er ferðamannaskrifstofur einstaklinga eða félaga, eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að tilnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

#### 5. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, þrúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni Ferðamannaskrifstofa ríkisins ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa ekki skipast við umvöndun Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðamannaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

#### 6. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála og flutt samkvæmt ósk atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi fyrir þá sök, að augljóst þykir, að mikill skaði geti af því hlotizt, ef eigi sé gerð gangskör að því að greiða fyrir ferðamönnum, sem hingað til lands vilja leita. Ferðamannastraumurinn til landsins fer að visu vaxandi, en þó má ætla, að hann gæti enn margfaldazt, ef hyggilega væri að því unnið að örva hann.

Það mun naumast orka tvímælis, að mikill ávinningur væri að því, ef þetta gæti tekizt. Ísland hefir að ýmsu leyti skilyrði til þess að verða eitt fremsta ferðamannaland álfunnar. Náttúran er hér svo fjölbreytt og svo ólík því, sem kostur er að líta á einum stað víðast hvar annarsstaðar, að hún hefir mikið aðdráttarafl fyrir menn. Auk þess hefir saga þjóðarinnar verið með þeim hætti, að marga fýsir að kynnast af eigin sjón og reynd því fólki, er hér býr. Með auknum ferðamannastraum mundi sá misskilningur, sem víðast hvar ríkir um Ísland, hverfa og með honum margskonar óhagræði, sem af honum stafar fyrir landsmenn.

En svo mikils sem um þetta atriði er vert, þá skiptir þó fjárhagshlið málsins ekki minna. Síðastliðið sumar komu til landsins 14 stór ferðamannaskip og með þeim um 500 farþegar á hverju til jafnaðar. Skip þessi greiddu um 40000 kr. í vitagjald. En örðugt er að gera sér grein fyrir, hvað mikið farþegar hafa greitt í landi fyrir akstur, máltíðir, varning o. s. frv. Kunnugum mönnum þykir þó ekki hátt reiknað að áætla þetta nálægt 20 kr. á mann, eða 140000 kr. fyrir alla farþega. Auk þeirra, sem með þessum skipum hafa komið, er kunnugt að minnsta kosti um átta hundruð útlenda ferðamenn, sem til landsins hafa komið með skipum, sem fastar áætlunarferðir hafa. Farþegar þessir hafa flestir dvalið hér frá 3 dögum til 3 vikur, og hlýtur því allmikið af erlendum gjaldeyri að hafa komið hingað til landsins með þeim.

Nú er það kunnugra manna mál, að unnt muni vera að örva ferðamannastrauminn að verulegum mun. Ástæða er t. d. til þess að ætla, að töluvert fleiri ferðamannaskip mundu koma hingað, ef vitagjald af þeim væri enn lækkað svo nokkru næmi. Yfirleitt greiða slík skip ekki vitagjald — eða þá mjög lágt — í öðrum löndum, því að annar gróði af komu skipanna er að jafnaði miklu meiri en þessum gjöldum nemur, en útgerðarfélagin hinsvegar ófús að senda þau þangað, er gjöldin eru há. En rétt þykir að hverfa ekki að því ráði að lækka vitagjaldið fyrr en nokkur reynsla hefir fengizt um það, hvern árangur þær ráðstafanir bera, sem stefnt er að með þessu frumvarpi.

Pungamiðja frumvarpsins er að auka fræðsluna um landið og vekja á þann hátt athygli ferðamanna á því. Þetta verk verður naumast gert, svo að haldi komi, nema ferðamannaskrifstofa, sem ríkið sjálft setur á fót og annast, sjái um það. Svo er til ætlazt, að skrifstofan gefi út bæklinga og auglýsingarit um landið, og mundi allmikill hluti af kostnaðinum fást inn með greiðslu fyrir þær auglýsingar, sem skipafélög, bifreiðafélög, gistihús og aðrir, sem einkum annast móttöku ferðamanna, mundu fá birt í ritunum. En óbeinn hagnaður af starf-

semi skrifstofunnar ætti margfaldlega að bæta upp þann heina kostnað, sem af skrifstofunni hlytist.

Jafnframt því, sem skrifstofan annaðist leiðbeiningar og auglýsingar um landið, er svo fyrir mælt í frumvarpinu, að hún hafi einnig eftirlit með því, að sanngjarnlega sé við ferðamennina skipt hér á landi. Skiptir það mjög miklu máli, að þessa sé vandlega gætt, því að misbrestur í þessu efni á einum stað kann að hafa viðtækar afleiðingar í för með sér. Hinsvegar er einnig gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að hlutaðeigendur fái tækifæri til þess að færa fram ástæður sínar fyrir réttmæti gjaldskráanna.

Þá er og fyrirmæli um það í frumvarpinu, að ferðamannaskrifstofan hafi eftirlit með því, að aðbúnaður ferðamanna sé með þeim hætti, að sómi sé að.

Æskilegt væri, ef ríkisstjórnin sæi fært að sameina ferðamannaskrifstofuna einhverri ríkisstofnun, sem þegar er starfandi, en ekki þykir rétt að skylda hana til þess, ef annað þætti hentara.